

142. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

142. fundur framkvæmda- og veitustjórnar, kjörtímabilið 2006-2010 haldinn fimmtudaginn 27. september 2007 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 17:00

Mætt:

Porvaldur Guðmundsson, formaður, B-lista (B)

Torfi Áskelsson, varamaður S-lista

Ari Már Ólafsson, varamaður D-lista

Pórunn Jóna Hauksdóttir, nefndarmaður D-lista (D)

Ásbjörn Ó. Blöndal, veitustjóri

Rósa Sif Jónsdóttir, starfsmaður

Sigurður Ingi Andrésson (V) var fjarverandi.

Dagskrá:

1. 0709125 – Borverk – skoðun á borsvæði

Framkvæmdastjóri kynnti borverk sem fram hefur farið í Ósabotnum borað hefur verið niður á 1720m. Afkastamæling á eftir að fara fram en prófanir lofa góðu.

2. 0709122 – Erindi íbúa Vestri-Grundar

Framkvæmdastjóri kynnti erindi frá íbúa Vestri-Grundar, en spurst var fyrir um tengingu hitaveitu að bænum ásamt kostnað við tengingu við dreifikerfi Hitaveitu Suðurnesja. Framkvæmdastjóra var falið að svara erindinu.

3. 0709090 – Heimlag्नir að íþróttasvæði

Framkvæmdastjóri kynnti kostnað á nýjar stofnæðar hitaveitu og vatnsveitu sem lagðar voru að íþróttavallarsvæði við Engjaveg.

Nefnadarfulltrúar D-lista fagna því að upphitun gervigrasvallar verði tilbúinn fyrir komandi frosthörkur.

4. 0705140 – Framkvæmdalisti

Framkvæmdastjóri kynnti verkstöðu í framkvæmdum hjá framkvæmda- og veitusviði með samantekt sem lögð var fram á fundinum.

5. 0703145 – Íbúafjöldi

Íbúafjöldi í Árborg 27. september er alls 7.522 en var í Byrjun árs 7.320.

Á Selfossi eru skráðir 6.214

Á Eyrarbakka 594

Á Stokkseyri 567

Í Sandvík 139

Óstaðsettir eru 8

Ef fjölgun út árið verður með sama hætti og það sem af er ári þá verður hlutfallsleg fjölgun um 3,8 % á árinu.

Þórunn Jóna Hauksdóttir fulltrúi D-lista ítrekar að fá

upplýsingar um aldursdreifingu.

Framkvæmda og veitustjórn vill þakka framkvæmdastjóra framkvæmda og veitusviðs Ásbirni Blöndal fyrir afar gott starf í þágu sveitarfélagsins en hann er nú að láta af störfum eftir átján ára starf fyrst sem veitustjóri Selfossveitna og síðan sem framkvæmdastjóri framkvæmda og veitusviðs. Stjórnin þakkar Ásbirni fyrir gott samstarf og óskar honum velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 18:40

Þorvaldur Guðmundsson

Torfi Áskelsson

Ari Már Ólafsson

Þórunn Jóna Hauksdóttir

Ásbjörn Ó. Blöndal

Rósa Sif Jónsdóttir